

Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2010.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	18
Inngangur	19
Veðurfar	19
Vöxtur og þrif trjágróðurs	20
Fjárveitingar	21
Stjórn Vesturlandsskóga	21
Samningar við bændur	21
Helstu framkvæmdir	22
Gróðursetning til fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt	22
Áburðargjöf	23
Jarðvinnsla	23
Kortlagning og áætlanagerð	23
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni	24
Heimasíða Vesturlandsskóga	24
Töflur:	25-26

Viðauki I :

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2010

Viðauki II:

Ársreikningur Vesturlandsskóga fyrir árið 2010

Inngangur.

Árið 2010 var ellefta starfsár Vesturlandsskóga. Starfsmenn voru aðeins tveir: Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson. Sá Guðmundur m.a. um úttektir á nýjum gróðursetningum, færði sjóðsbók og sá um heimasíðu.

Veðurfar.

Árið 2010 var afar hlýtt á Vesturlandi. Bæði í Reykjavík og í Stykkishólmi var árið það næsthlýjasta frá því mælingar hófust. Aðeins árið 2003 var hlýrra. Má segja, að janúarmánuður hafi gefið tóninn, því hann varð þremur gráðum hlýrri en í meðallagi og óvenju hægviðrasamur. Hins vegar var úrkoma nokkuð yfir meðallagi í janúar. Hitinn í febrúar var „eðlilegri“ en í janúar, eða mjög nálægt meðallagi árána 1961-1990. Í mars var hitinn nær þremur gráðum yfir meðallagi á Vesturlandi. Mars var líka mjög þurrviðrasamur, t.d. aðeins 2/3 af meðalúrkomu í Reykjavík. Veturinn í heild var meðal hinna hlýrri frá upphafi mælinga. Einnig var hann óvenjusjóléttur. Apríl var í meðallagi hlýr á Vesturlandi, en afarþurr. Maí var mjög hlýr og hiti nær tveimur gráðum yfir meðallagi. Má því segja, að vorað hafi snemma, enda lítill klaki í jörð. Maímánuður var hins vegar tiltölulega þurr Vestanlands. Júní var sá heitasti frá því mælingar hófust Vestanlands, nær hálfri þriðju gráðu yfir meðaltali 1961-1990 í Reykjavík. Júní var hins vegar svo þurr að háði trjávexti, þar sem ekki er þeim mun betra aðgengi að jarðraka. Sem dæmi má nefna, að í Stykkishólmi varð úrkoma aðeins fjórðungur af meðalúrkomu mánaðarins. Júlí var sá hlýjasti frá því mælingar hófust í Reykjavík, þ.e. jafnaði hitamet frá árinu 1991, 13°C. Afar þurrviðrasamt var á Vesturlandi í júlí og mörg þurrkamet slegin. Þó varð úrkoma aðeins 18% undir meðallagið í Reykjavík, þannig að betur viðraði þar fyrir trjágróður en á þurkkasvæðunum í Borgarfirði, á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð. Var sums staðar á ofangreindum svæðum nær engin úrkoma allan mánuðinn. Ágúst var hlýr, nálægt tveimur gráðum hlýrri en meðallagið er á Vesturlandi. Úrkoma var undir meðallagi, en þó mun meiri en í júlí. Ekki dugði hún þó betur en svo, að þar sem vatnsból þornuðu í júní, kom ekki vatn í júlí. Ekki var jafnþurrt við sunnanverðan Faxaflóa eins og annars staðar á Vesturlandi. Ágúst var óvenju sólríkur. T.d. voru sólskinsstundir í Reykjavík 41 stund umfram meðallag og væntanlega tiltölulega ennþá sólríkara á þurkkasvæðunum. September var mjög hlýr, eða um þremur gráðum yfir meðallagi á Vesturlandi. **Viðast hvar á Vesturlandi var meðalhiti septembermánaðar svipaður og venjan er í júlí!** T.d. var meðalhitinn í Stykkishólmi í september nákvæmlega samur og meðalhiti júlímánaðar á sama stað árin 1961-1990. Mjög þurrt var framan af september Vestanlands, en vel rigndi síðustu dagana í mánuðinum. Í heild var sumarið 2010 það hlýjasta á Vesturlandi frá því mælingar hófust. Október var talsvert hlýrri en meðaltal mánaðarins 1961-1990 eða 1,9°C hlýrri, bæði í Reykjavík og í Stykkishólmi. Úrkoman var venju fremur lítil í október, t.d. aðeins tæplega helmingur af meðaltalsúrkomu í Reykjavík. Nóvemberhitinn var lítið eitt undir meðallagi, t.d. í Reykjavík. Úrkoma var aðeins um helmingur af meðalúrkomu. Hitinn í desember var talsvert yfir meðallagi á Vesturlandi. Árið í heild var hlýtt eða það tíunda hlýjasta frá upphafi mælinga. Meðalhiti ársins var 1,2°C hærri en meðaltal árána 1961-1990 og 0,6°C hærri en meðaltal árána 1931-1960.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður kom vel undan vetri og tók feiknagóðum framförum um sumarið, einkum þar sem jarðraki var nægur. Rússalerki var óvenjufallegt og óx vel. Var talsvert um meira 80 cm langa ársprota á rússalerki. Óvenjumikill vöxtur var líka í öllum öðrum trjátegundum og víðast hvar lítið um fiðrildalirfur á víðiklónum og birki. Algengt var að sjá vel yfir eins metra langa ársprota á alaskaösp og ungt sjálfsáð birkitré fannst með 100 cm ársprota. Hreggsstaðavíðir var eins og undanfarin ár undirlagður af ryðsveppi.

Athygli vakti á árinu, hve ung fura spjarar sig vel. Enda hefur borið á aukinni ásókn bænda, reyndar bæði í stafafuru og rússalerki, eftir að lerkid hefur jafnað sig frá því sem var um miðjan áratuginn, þegar ár hvert kom maíhret, sem olli verulegum afturkipp í vexti rússalerkis. Sitkagrenið geldur fyrir það, hve seint það er af stað eftir gróðursetningu. Algengt er, að 10 ára gamlar gróðursetningar af tegundinni séu vel innan við 1 m á hæð að meðaltali. Slíkt er því miður í samræmi við reynslu fyrri áratuga víðs vegar um land. Á næsta áratug er von til þess, að sitkagreni í fyrstu bændaskógum á Vesturlandi taki út mikinn vöxt og trú skógarbænda á þá trjátegund vaxi í samræmi við það, enda athyglisvert, hve áhugi bænda á einstökum trjátegundum sveiflast í takt við það, hvernig hverri tegund vegnar ár frá ári. Þannig „tískusveiflur geta talist eðlilegar, en ekki endilega æskilegar, þegar um langtímaráðstöfun lands er að ræða. Því væri æskilegt, ef bændur gerðu sér almennt grein fyrir því, hve sitkagreninu er eðlilegt að vera seinþroska, en tekur síðan á mikinn sprett, sem endist lengur hjá því en öðrum trjátegundum, sem notaðar í skógrækt hér á landi. Tegundin mun, ásamt alaskaösp ná mestri hæð, af þeim tegundum, sem við notum í skógrækt.

Ein er sú trjátegund, sem lítið hefur verið notuð á Íslandi til þessa, en er heldur betur að sanna sig. Þetta er lindifuran, sem gróðursett var síðsumrs 2007 hjá nokkrum skógarbændum og hefur farið fyrnavel af stað. Nær ekkert er af eldri lindifuru á Suður- og Vesturlandi, ef undan eru skildir nokkrir einstaklingar í gamla furureitnum við Almannagjá. Hins vegar hefur tegundin sannað gildi sitt á Hallormsstað. Of snemmt er að fullyrða um framvindu hjá þessari tegund á Vesturlandi, þegar hún vex vel uppúr skjóli. En óneitanlega vekur það athygli, að hún skuli vaxa án nokkurrar vaxtarstöðnunar frá fyrsta ári!



Lindifura vex á berangri án nokkurrar vaxtarstöðnunar á Oddsstöðum í Lundareykjadal.

Fjárveitingar.

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu námu 55,5 milljónum kr., miðað við kr. 58,9 milljónir króna á árinu 2009. Þetta þýðir lækkun í krónutölu um 3, 4 milljónir. Þegar tillit er tekið til þróunar vísitölu neysliverðs frá miðju ári 2005, þegar framlög til Vesturlandsskóga voru í hámarki og fram á mitt ár 2010, hefði framlag ríkissjóðs átt að nema kr. 97 milljónum árið 2010. Raunlækkun framlaga milli áranna 2005 og 2010 hefur því verið 43%. Rekstrarútgjöld urðu kr. 68,25 milljónir króna. Þar sem heimild fékkst til að nýta kr. 8 milljónir af ónotuðum fjárveitingum fyrri ára, voru fjárheimildir samtals uppá kr. 63,5 milljónir króna. Því varð framúrkeyrsla kr. 4,75 milljónir króna. Engu að síður er enn talsverður afgangur af ónýttum fjárheimildum. Hitt skal þó viðurkennt, að framúrkeyrslan var í mesta lagi, miðað við fjárheimildir.

Stjórn Vesturlandsskóga.

Stjórn Vesturlandsskóga hélt sex fundi á árinu 2010. Skipan stjórnar breyttist um áramót, þannig að í stað Skúla Alexanderssonar var Guðbrandur Brynjúlfsson á Brúarlandi skipaður af landbúnaðarráðherra sem formaður. en aðrir í stjórn eru sem áður: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins og Þórarinn Svavarsson, tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV).

Samningar við bændur.

Árið 2010 var enginn nýr nytjaskógræktarsamningur gerður. Ástæðan er samdráttur í fjárveitingum og af því leiðandi einnig í mannhaldi hjá Vesturlandsskógum. Tveir starfsmenn anna tæpast öllu, sem gera þarf, hvað þá að vinna ræktunarátlanir fyrir nýja skógarbændur. Eins þykir rétt að doka við, svo ekki þurfi að skera of mikið við nögl, það sem þeir sem fyrir eru í verkefninu geta fengið af plöntum ár hvert. Sem betur fer bætist árlega í hóp þeirra, sem ná að fylla í samningsbundið svæði. Sumir vilja þá bæta við, en aðrir detta út sem virkir skógarbændur, þar til þeir þurfa að hefja bilun og síðar grisjun. Menn geta reyndar dundað við fleira, t.d. klippingu tvítoppa og jafnvel áburðargjöf, þar sem tré líða fyrir næringarskort. Hvorttveggja eykur veðmæti skógarins, þótt menn njóti ekki fjárhagsstuðnings Vesturlandsskóga við verkið. Hagkvæmara er að bæta við, þar sem skógrækt er fyrir, en að byrja á nýjum stað. Kemur það til af því, að í grennd við eldri skóg, njóta ungar plöntur stundum skjóls og atbeina hins eldri skógar um miðlun svepprótarsmits og við jöfnun snjóalaga. Eins nýtist þá betur sá mannaúður, sem orðið hefur til við námskeiðahald, aðra leiðbeiningarstarfsemi og söfnun reynslu af skógrækt. Á móti kemur, að með fleiri skógarbændum stækkar sá þrýstihópur, sem skógarbændur mynda. Eins má það kallast í anda lýðræðis að veita fleirum aðgang að þeim gæðum, sem Vesturlandsskógar eru svo sannarlega að úthluta úr hinum sameiginlega sjóði landsmanna. Því væri illt, ef ekki verður fljótlega hægt að koma til móts við þá, sem beðið hafa árum saman eftir að komast í samstarf við Vesturlandsskóga.

Helstu framkvæmdir:

Gróðursetning til fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt.

Á árinu 2010 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga 493.800 plöntur á 65 jörðum. Þetta er 39,3 % aukning á fjölda gróðursettra plantna frá árinu áður. Samt varð enn samdráttur í fjárveitingum. Hins vegar kom í ljós, að staða Vesturlandsskóga gagnvart ríkissjóði hafði verið vanreiknuð árið áður, verið mun betri en þá var talið. Því varð niðurskurður árið 2009 óþarflega hressilegur. Eins fækkaði starfsmönnum sem nam um hálfu stöðugildi. Það var því hægt að gróðursetja allar þær plöntur, sem framleiddar höfðu verið fyrir Vesturlandsskóga. Engu að síður, er áhugi bænda á að gróðursetja mun meira en hægt var. Það er bagalegt, að á tímum atvinnuleysis, skuli dregið úr fjárveitingum til verkefna á borð við skógræktarverkefni, þar sem meira en 80% af fjárveitingunum fer til greiðslu vinnulauna innanlands, ekki síst þegar haft er í huga, að áhugi skógarbænda stendur til að gera miklu meira. Einstaka skógarbóndi gróðursetti talsvert fyrir eigin reikning, sumir mjög mikið.


Aðeins voru lagðir 8,8 km af skjólbeltaplasti þetta árið. Eins og áður voru menn hvattir til að bæta í skjólbeltaráðir, þar sem afföll höfðu orðið. Voru því alls gróðursettar plöntur og stungið stiklingum í skjólbelti sem nam 15.602 stk. Tókst að útvega talsvert af reyniviði o.fl. reynitegundum auk runna að þessu sinni, til íbóta í skjólbelti. Ef áframhald verður á samdrætti í fjárveitingum eða dregst að bæta við þær, mætti hugsa sér, að láta þá ganga fyrir við skjólbeltarækt, sem ætla að bæta við röðum af hávaxnari tegundum eins og alaskaösp o.fl. í skjólbelti, þar sem fyrir er víðiröð. Enda er illt til þess að vita, að margir bændur skuli hafa látið staðar numið í skjólbeltarækt, þegar aðeins er komin ein víðiröð, en sums staðar tvær víðiráðir. Einsamall víðir í skjólbeltum er ekki gæfulegt skjólbelti. Kemur hvottveggja til, að víðirinn er skammlífur og að hann verður ekki nógu hávaxinn, til að skýla breiðum spildum. Í **Töflu II** er gerð grein fyrir, á hvaða jörðum voru unnið að skjólbeltarækt árið 2010.

Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga, greindust þannig milli tegunda:

Stafafura:	129.980 eða 25,6 %
Sitkagreni/-bastaður:	243.714 eða 48,0 %
Ilmbjörk:	75.123 eða 14,8 %
Alaskaösp:	36.285 eða 7,15%
Hengibjörk:	455 eða 0,09%
Reyniviður:	3.842 eða 0,76%
Aðrar reynitegundir:	965 eða 0,19%
Berjarunnar og rósir:	936 eða 0,19%
Víðistiklingar:	2.500 eða 0,49%

Í töflu I, í lok skýrslunnar, má sjá, hvernig plönturnar skiptust niður á jarðir eftir tegundum, á jörðum sem eru í nytjaskógrækt.

Hlutfall tegunda gróðursett 2010



Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notað “blákornt”. Voru menn hvattir til að dreifa 10 g kringum hverja greniplöntu, en 5 g kringum aðrar plöntur. Þó var mönnum ráðlagt að bera ekki á, þar sem handflekkjað var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum.

Jarðvinnsla

Engin jarðvinnsla var unnin með vélum á árinu.

Kortlagning og áætlanagerð.

Engin ræktunaráætlun var gerð á árinu. Hins vegar skila Vesturlandsskógar árlega til Mógilsár (Arnórs Snorrasonar og Björns Traustasonar) yfirliti yfir ný gróðursetningarsvæði á GIS formati, þar sem nýjar gróðursetningar eru greindar til tegunda.

Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni.

Vesturlandsskógar stóðu fyrir fagráðstefnu skógræktar þetta árið, í samstarfi við Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá, LSE, LBHÍ og Skógræktarfélag Íslands. Ráðstefnan var haldin í Stykkishólmi dagana 24.-26. mars. Meginumfjöllunarefnið var væntanlegar loftslagsbreytingar afleiðingar þeirra og viðbrögð við þeim, svo sem kolefnisbinding í skógrækt. Alls voru skráðir þátttakendur 82. Fræðast má nánar um ráðstefnuna og fyrirlestra á www.skogur.is undir rannsóknir og ráðstefnur. Krækja þangað er: <http://www.skogur.is/rannsoknir-og-verkefni/radstefnur/radstefnur-arid-2010/fagradstefna-2010/>

Starfsmenn Vesturlandsskóga sinntu ekki rannsóknum þetta árið með beinum hætti.

Eftirfarandi fimm námskeið voru haldin á árinu í námskeiðaröðinni Grænni skógum 1: “Frá örfoka landi til skóga”; “Uppeldi skógarplantna”; “Sjúkdómar í skógi”; “Grisjun” og “Skógarhögg og skógarnytjar”. Þá fóru þátttakendur Grænni skóga í námsferð til Skotlands daganna 16.-23. ágúst þar sem þátttakendur fengu að kynna skógrækt í Skotlandi. Fararstjóri var Arnlín Óladóttir.

Fjögur námskeið voru haldin í námskeiðaröðinni Grænni skógum 2 : “Viðarfræði”; “Skógarhögg og grisjun”; “Skjólbelti” og “Viðarnýting”. Þátttakendur hafa verið bæði frá Suður- og Vesturlandi. Námskeiðin hafa ýmist verið á Hvanneyri eða á Reykjum í Ölfusi, þau eru í á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við nokkra aðila.

Guðmundur Sigurðsson sótti Fræðaðing landbúnaðaris 18. og 19. feb

Starfsmenn Vesturlandsskóga sóttu aðalfund Félags skógarbænda á Vesturlandi í apríl og aðalfund Landssambands Skógareigenda í Reykholti 8.-9. okt.

Guðmundur Sigurðsson sótti ráðstefnu um ilmbjörk, “Fríða björk”, í Hveragerði 5. nóv.

Guðmundur fór einnig með nemendum Grænni skóga 1 til Skotlands 16.-23. ágúst.

Heimasíða Vesturlandsskóga.

Reynt var að uppfæra heimasíðu Vesturlandsskóga nokkuð reglulega. Sá Guðmundur Sigurðsson um hana. Eru menn hvattir til að kynna sér efni hennar. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is>

Viðauki I.

Fundargerðir stjórnar Vesturlandsskóga.

39. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

Haldinn í fundarsal á 2. hæð Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri, föstudaginn 29. janúar 2010.

Mættir stjórnarmennirnir: Skúli Alexandersson, fráfarandi formaður; Guðbrandur Brynjúlfsson, nýr formaður; Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Auk þeirra: Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.
Fundur hófst kl. 13.00.

1. Skúli fráfarandi formaður bauð Guðbrand velkominn til starfa og þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf þann tíma sem hann gengdi formennsku. Skúli yfirgaf fundinn eftir annan lið.
2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar. Fundargerðin samþykkt án athugasemda.
3. Sigvaldi gerði grein fyrir ráðstefnu sem haldinn verður á vegum Vesturlandsskóga, Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands, í Stykkishólmi 24.-26. mars n.k.
4. Ákveðið er að fara í kynnisferð í ágúst til Skotlands með nemendur sem eru í Grænni skógum. Stjórnin ákvað að bjóða nemendum Grænni skóga, sem eru þátttakendur í Vesturlandsskógum, að sækja um styrk til fararinnar að upphæð kr. 20 þúsund. Einnig gildir það fyrir starfsmenn Vesturlandsskóga.
5. Sigvaldi gerði grein fyrir afkomu síðastliðins árs. Hann telur að um 2-3 miljónir kr. verði í afgang fyrir árið 2009.
6. Rekstaráætlun fyrir næsta ár lá ekki fyrir, en verður send til stjórnarmanna í næstu viku.
7. Sigvaldi greindi frá samstarfi við nefnd, sem skipuð var af Landbúnaðar- og sjávarútvegaráðherra og fundaði hér í október. (sjá 38. fundargerð). Áætlað er að nefndin skili störfum í vor.
8. Starfsmenn eru nú tveir, eftir að Sigríður hætti störfum sl. sumar. Rætt var um að ráða sumarstarfsmann í tvo til þrjá mánuði í sumar Framkvæmdarstjóra var falið að kanna fjárhagslegan grundvöll þess.
9. Önnur mál. Þórarinn benti á mikilvægi þess, að plöntuframleiðendur noti íslenskt fræ sem mest. Sigvaldi upplýsti að þetta hefði verið stefna Vesturlandsskóga og að flestir plöntuframleiðendur noti íslenskt fræ í auknum mæli. Guðbrandur spurði um starfsreglur stjórnar. Sigvaldi svaraði því til, að þær væru ekki til. Stjórnin samþykkti að leggja það til að fá ráðuneytið til að vinna starfsreglur fyrir stjórnir landshlutaverkefnanna.

Fundi slitið kl. 15.45

40. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

Haldinn í fundarsal á Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri þriðjudaginn 16. febrúar 2010.

Mættir stjórnarmennirnir: Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, og Þórarinn Svavarsson., Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson sem skrifaði fundargerð. Birgir Hauksson boðaði forföll. Fundur hófst kl. 14.30.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lesin. Fundargerðin samþykkt án athugasemda.
2. Rekstaráætlun fyrir árið 2010 lögð fram Samkvæmt fjárlögum eru 55.500.000 kr til ráðstöfunar fyrir árið 2010. Frá fyrra ári eru til ráðstöfunar 8.000.000 kr
3. Önnur mál. Sigvaldi lagi til að breyta skógræktarsamningi Vesturlandsskóga þannig að fyrsta málsgrein í 9. grein falli út. Stjórnarmenn samþykktu það enda í samræmi við önnu landshlutaverkefni og 12. grein sammingsins.

Fundi slitið kl. 15.10

41. stjórnarfundur Vesturlandsskóga

Haldinn í fundarsal á Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri fimmtudaginn 27. maí 2010.

Mættir stjórnarmennirnir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Einnig Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð. Gestur fundarins var Jón Birgir Jónsson, formaður nefndar um framtíð landshlutaverkefnanna, sem skipuð var af Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðherra.

Fundur hófst kl. 14.30.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lesin og samþykkt án athugasemda.
1. Jón Birgir Jónsson gerði grein fyrir starfi nefndar, sem fjallar um landshlutaverkefni. Nefndin er sammála um að í stað fjölda plantna til skógræktar verði notað flatarmál skógarreita, sem kennitala í ársskýrslum. Kostnaður vegna yfirstjórnar er of hár að mati nefndarinnar og þarf að lækka. Hjá Vesturlandsskógum er kostnaður við yfirstjórn 38% á árunum 2003 – 2008. Tillaga nefndarinnar er að yfirstjórn verði ekki meiri en 25%. Kostnaður við yfirstjórn er skilgreindur hjá nefndinni sem allur kostnaður verkefnanna að frádregnum greiðslum til bænda, aukatekjum og skuld eða eign frá fyrra ári. Úttektir verði ekki færðar sem kostnaður við yfirstjórn. Nefndin leggur til að bókhaldslyklar verði samræmdir milli verkefnanna og rannsóknarverkefni verði færð sér og að kosnaður við þau geti numið allt að 3% af heildarkostnaði. Lykiltölur sem sýndar eru í ársskýrslum verði samræmdar s.s. fjöldi gróðursettra trjáa, fjöldi virkra bænda og fjöldi ha. Nefndin er sammála um að reikna með að afföll á allri plöntun næstu ára verði 30% og stefnt er að því, að þetta hlutfall lækki í 25% innan 5 ára og 20% innan 10 ára. Samræma þarf úttektir milli landshlutaverkefnanna og verði unnið eftir þeim alþjóðareglum, sem viðurkenndar verði í kolefnisbókhaldi. Skilgreina þarf betur afurðir skóga landshlutaverkefnanna en gert er í dag.

2. Plastlagningarvél og skógarstjarna. Vesturlandsskógar hafa keypt plastlagningarvél og skógarstjörnuna af Magnúsi í Ásgarði, þar sem hann hefur ákveðið að selja tækin og hætta verktöku. Samþykkt var að Vesturlandsskógar finni verktaka á svæðinu til að kaupa og reka vélarnar. Þangað til leigi Vesturlandsskógar vélarnar út.
3. Umsókn hefur komið frá Kvíabryggju, sem er ríkisjörð, um að taka þátt í skógræktarverkefni. Ákveðið var að bíða með ákvörðun þar til niðurstöður nefndarinnar sem fjallar um landshlutaverkefnið liggi fyrir.
4. Sigvaldi gerði grein fyrir hugmyndum um að fá Norðmenn til að fjárfesta í kolefnisbindingu hér á landi með það í huga að fá fjármagn til skógræktar hér á landi.
5. Umsögn um þingsályktunartillögu um “græna hagkerfið”. Sigvaldi kynnti umsögn um tillögunni, sem hann hefur sett saman. Ákveðið var að hann gengi endanlega frá umsögninni og sendi til stjórnarmanna, áður en hann sendi umsögnina frá sér.
6. Sumarferð. Stefnt er að því, að starfsmenn og stjórn fari saman í dagsferð um syðsta svæði Vesturlandsskóga í júlí.
7. Hækkun plöntuverðs. Þar sem virðisaukaskattur hefur hækkað um eitt prósentustig, síðan samningar voru gerðir við plöntuframleiðendur, þá er spurning hvort plöntuframleiðendur eigi að taka á sig hækkunina. Ákveðið var að fá opinbert álit á málinu í samráði við önnur landshlutaverkefni.
8. Í fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagi fyrir Borgarbyggð er gert ráð fyrir, að óheimilt sé að nota erlendar tegundir til skógræktar ofar 300 m hæðarlínu og að skógrækt verði framkvæmdaleyfisskyld. Stjórn var sammála um að nauðsynlegt sé að fylga eftir athugasemdum, sem gerðar hafa verið f.h. Vesturlandsskóga, þegar aðalskipulagið verður auglýst.
9. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl.16.45

42. fundur stjórnar Vesturlandsskóga.

Ferð stjórnar og starfsmanna Vesturlandsskóga um suðursvæði Vesturlandsskóga, þann 12. ágúst 2010.

Með í för voru stjórnarmennirnir: Guðbrandur Brynjúlfsson, Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson. Auk þess starfsmenn Vesturlandsskóga, þeir Guðmundur Sigurðsson og Sigvaldi Ásgeirsson.

Fyrsti viðkomustaður var Hafnarsel hjá Stefáni Teitssyni. Var komið þangað kl. Rúmlega 9 að morgni. Hafnarsel er út úr Höfn, ofan þjóðvegur og innan við Hafnaránna. Landið er að mestu leyti uppgræddur melur. Við skoðuðum m.a. stafafuru á mismunandi aldri og tilraun með notkun svepprótarimits við gróðursetningu birkis, sem reyndar er í landi Óafínu (Hafnarlandi).

Belgsholt. Skoðuð voru skjólbelti, sem farin eru að gera gagn við kornræktina. Mestur tími fór þó í að skoða Markúsarplóginn, sem Haraldur varðveitir.

Litla-Fellsöxl: Þar hittum við Heiðar Oddsson. Sérstaklega var skoðaður lítill reitur með blendingslerki, þ.e. *Larix decidua* x *Larix sibirica*, blendingur evrópulerkis og síbiríu (rússa-) lerkis. Einnig vel heppnaðar gróðursetningar með stafafuru, ösp o.fl.

Mógilsá: Farinn stuttur skoðunarhringur, þar sem við hittum sérfræðing á Mógilsá, Þorberg Hjálta Jónsson. M.a. skoðuðum við hindber í skógi, stæðileg tré af gráelri og reyndar líka *Alnus glutinosa* (svartelri), heilbrigt og beinvaxið rússalerki af Modo-kvæmi og blæosp, sem dreifir sér með rótarskotum í lúpínubreiðu. Einnig stórvaxinn skóg með sitkagreni, sem bar þess merki að hafa orðið fyrir snjóbroti í uppvextinum. Af öðru frásagnarverðu má nefna nokkur eintök af douglasgreni, sem hefur sprottið með afbrigðum vel.

Hádegisverður í Mosfellsbæ.

Heiðmörk. Hittum Helga Gíslason, framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur. Skoðuðum asparrækt í lúpínubreiðum. Einnig litið á stæðilegan skóg í Vífilsstaðahlíð.

Gróðrarstöðin Þöll við Kaldárselsveg heimsótt. Þar eru ræktaðar margar fágætar tegundir frá löndum með svipað veðurfar og er á Íslandi. Auk þess er áhersla mikil á að prófa nýja Íslendinga, þ.e. nota fræ af ýmsum misjafnlega algengum tegundum í íslenskri skógrækt, fræ, sem fengið er héraendis, oft fyrstu plönturnar af viðkomandi tegund upp af íslensku fræi. Sáum hvernig hindber taka yfir lúpínubreiðu í skógarjódri og báru þroskuð ber 12. ágúst á þessu óvenjublíða sumri. Í Þöll var drukkið kaffi og með því.

Á heimleiðinni var komið við á Möðruvöllum í Kjós, þar sem við hittum Sigurð Guðmundsson og skoðuðum nýgróðursetningar, þar sem sitkagreni hefur tekið ótrúlegum framförum, miðað við ungan aldur og lifað tiltölulega mjög vel í brattri brekku, þar sem er reyndar ekki neitt óskaplegur grasvöxtur.

Skoðuðum skógrækt í Ferstiklu og þágum kaffi og pönnukökur hjá þeim Dúu og Vífli. Nokkuð ber á beitarskemmdum á birki, en vonandi tekst Vífli að fá sveitarfélagið til aðstoðar í girðingarmálum, enda hefur Vegagerðin komið í bakið á honum með því að rífa upp ristarlíð í heimreið að heimamönnum forspurðum. Annars er mikill skógur að vaxa upp neðan vegar á Ferstiklu

Skoðuð falleg skjólbelti á Kalastöðum, þar sem menn sáu alaskaylli með fullu berjaskrúði. Hittum þar Þorvald bónda.

Meðan staldrað var við á Kalastöðum fundaði stjórnin um umsókn Guðmundar Sigurðssonar um styrk til Skotlandsferðar. Var samþykkt að veita honum 50.000 króna styrk til fararinnar og einnig, að hann yrði í vinnunni, meðan á ferðinni stæði, þó þannig, að helgin, sem lenti inni í ferðinni, væri í Guðmundar tíma og að ekki yrði borguð yfirvinna í ferðinni.

Ferðinni lauk um kl. 9:30 að kveldi.

Ritað á Hvanneyri 21. september 2010,

Sigvaldi Ásgeirsson.

43. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

haldinn í Hvannahúsinu 24. september 2010.

Mættir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; stjórnarmennirnir Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson; Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn hófst 13.15

1. Fundargerð 41. stjórnarfundar var lesin og samþykkt án athugasemda.
2. Umsögn Vesturlandsskóga um drög að stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands í skógrækt. Fyrir fundinum lá sameiginleg umsögn frá Stjórn Landssamtaka skógareigenda og félögum skógarbænda á Austurlandi, Suðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi. Samþykkt var að Sigvaldi taki saman athugasemdir og sendi á stjórnarmenn. Athugasemdir þurfa að vera komnar til nefndarinnar fyrir 7.október.
3. Athugasemdir Vesturlandsskóga við fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu fyrir Borgarbyggð. Sigvaldi lagði fram athugasemdir, sem hann hefur gert við aðalskipulagið, er varða skógrækt. Samþykkt var að Sigvaldi færi betur yfir tillögurnar og sendi síðan til stjórnarmanna. Samþykkt var að óska eftir fundi með umhverfis- og skipulagsnefnd Borgarbyggðar um aðalskipulagstillöguna.
4. Guðmundur Sigurðsson sagði frá Skotlandsferð, sem hann fór í á vegum Grænni skóga, daganna 16. til 23. ágúst sl. Vesturlandsskógar styrktu Guðmund til fararinnar.
5. Aðalfundur LSE verður í Reykholti daganna 8. – 10. október. Beiðni hefur komið frá Félagi skógarbænda á Vesturlandi um stuðning Vesturlandsskóga við kostun á rútu frá Reykholti í Skorradal í tengslum við fundinn. Samþykkt var að verða við beiðninni.
6. Á árinu 2010 var ráðstöfunarfé Vesturlandsskóga 60.5 millj. kr. Áætlað var að 4 millj. kr. yrði varið vegna girðingaframkvæmda á Skógarströnd á þessu ári. Úr því verður ekki og var samþykkt að kaupa plöntur fyrir þessar 4 millj. til nota á næsta ári. Skerðing á fjárframlögum til Vesturlandsskóga fyrir árið 2011 er 9 %.
7. Önnur mál. Guðbrandur lagði til að hafa stjórnarfundir á ákveðnum tímum. Samþykkt var að stefna á, að stjórnarfundir verði annan hvern mánuð og síðasta fimmtudag þess mánaðar. Næsti fundur yrði því 25.nóv. Guðbrandur benti á, að skv. skýrslu ríkisendurskoðunnar, um reikninga Vesturlandsskóga 2009, vanti eignaskrá og að stöður einstakra viðskiptamanna séu óuppgærðar. Sigvalda var falið að skoða málið.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.40.

44. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

haldinn í Hvannahúsinu 30. nóvember 2010.

Mættir: Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður; stjórnarmennirnir Birgir Hauksson og Þórarinn Svavarsson; Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn hófst 13.30

1. Fundargerðir 42. og 43.stjórnarfundar voru lesnar og samþykktar án athugasemda.
2. Umsögn Vesturlandsskóga um skýrsku nefndar um mörkun langtímastefnu íslenskrar nytjaskógræktar í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt. Nefndin var skipuð 2009 af sjávarútveg- landbúnaðarráðherra.
Farið var í gegnum skýrsluna og skáðar athugasemdir við hana og var Sigvalda falið að koma þeim á framfæri við ráðuneytið.

Önnur mál voru engin.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16.00

Viðauki II

Ársreikningur Vesturlandsskóga vegna ársins 2010.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2010

Í þúsundum króna:	Reikningur 2010	Reikningur 2009
Tekjur		
Sértekjur	2.500	4.488
Tekjur samtals	2.500	4.488
Gjöld:		
Almennur rekstur	68.250	49.429
Stofnkostnaður (bifreið) ...	<u>0</u>	<u>2.450</u>
Gjöld samtals:	68.250	51.879
Gjöld umfram tekjur samtals ...	65.750	47.391
Framlag úr ríkissjóði:	55.500	58.900
Hagnaður/- tap ársins:	-10.250	11.509

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Reikningur 2010	Reikningur 2009
<hr/> Eignir		
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
Inneign hjá ríkissjóði	225	9
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	23.135	17.200
Handbært fé	1.247	18.682
Veltufjármunir samtals	24.607	35.891
Eignir samtals	24.607	35.891

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé

Höfuðstóll

Staða í ársbyrjun	18.538	7.029
Breyting vegna lokafjárlaga	0	0
Hagnaður/-tap ársins	-10.250	11.509
Höfuðstóll í árslok	8.288	18.538
Annað eigið fé	0	0
Eigið fé í árslok	8.288	18.538
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Skuld við ríkissjóð	0	0
Viðskiptaskuldir	16.319	17.353
Skammtímaskuldir samtals	16.319	17.353
Skuldir samtals	16.319	17.353
Eigið fé og skuldir í árslok	24.607	35.891